Ættliðir milli Lofts ríka og Torfa í Klofa.
Eftir A.J.Johnson, fyrrum bankagjaldkera.
3 bls. qto. Með kveðjuorðum til Jóns Pálssonar.

Viðauki 4.

# Ættliðir

## milli Lofts ríka og Torfa í Klofa

## Loftur Guttormsson ríki (ættfaðir)

Sonur hans með Kristínu Oddsdóttur lögm. „lepps" var:

1. Ólafur Loftsson „bóndi" í Reykjahlíð við Mývatn (er fyrst getið í bréfi gerðu á Möðruvöllum í Eyjafirði – þar sem faðir hans bjó – 8–9 sept. 1424). Kvæntur Guðrúnu dóttur Rafns lögm. Guðmundssonar. (Talið er að Ólafur hafi um tíma verið við sýsluvöld í Árness. þó er það óvíst.)

þeirra sonur:

2. Jón Ólafsson sýslumaður í Árnessýslu (um og eftir 1466) „auðugur og talinn með höfðingjum, stórfengur og fégjarn." Hann keypti Stokkseyri 1465, en bjó sjálfur í Klofa á Landi. Jón var kvæntur Ingibjörgu Eiríksdóttur í Skarði á Landi, Kráksonar hins gamla í Skarði (á lífi 1423) Jónssonar. Munu þessi átt vera frá Skógum (Skógaætt) undir Eyjafjöllum. þeirra sonur:

3. Torfi Jónsson (Torfi í Klofa) d. 1504. sýslum. í Árness. og Rangárvallasýslum og víðar. Stórbrotinn maður mjög og „ráðríkur stórhöfðingi." „Hann tjáist að hafa verið mesti hljóðfærasláttarmaður. Þaðan er sagður málshátturinn: „Hefurðu verið í Klofa, þar hörpan bannaði börnunum að sofa". Torfi fór að, og feldi Lénharð fógeta á Hrauni í Ölfusi 1502. Torfi var kvæntur Helgu dóttur Guðna sýslum. í Ögri, er var systir Björns sýslum. Guðnas. (Um þessa þrjá feðga, sjá Sýslum.æfir 4. bindi 211–233).

Föður og móður ættliðir Stokkseyrar Dísu, frá Torfa í Klofa.

Föðurætt.

Sjá hinsv.

1. Bjarni Torfason (frá Klofa) kvæntur Ingibjörgu Sigurðard. Finnbogasonar lögm. Jónssonar.
Þeirra sonur:
2. Sigurður Bjarnason á Stokkseyri, kvæntur Margréti Markúsdóttur, dótturdóttur séra Björns á Melstað, Jónssonar bisk. Arasonar. Þeirra sonur:
3. Bjarni Sigurðsson á Stokkseyri; lögréttumaður, Skálholtsráðsmaður (í tíð 2ja biskupa) og stórbóndi og höfðingi á Stokkseyri, kvæntur Salvöru Guðmundsdóttur prests í Gaulverjabæ, dóttur, sonar, dóttur Gísla bisk Jónssonar.
Þeirra sonur:
4. Markús Bjarnason á Stokkseyri (sýslumannsumboðsmaður) kvæntur Guðrúnu Torfadóttur sýslum Erlendssonar. Þeirra dóttir:
5. Þórdís Markúsdóttir (Stokkseyrar Dísa). (Sbr. Sýslumæf. 4. b. 528. 534.)

Móðurætt.

1. Guðrún Torfadóttir (frá Klofa) átti Erlend Jónsson á Stóru Völlum (Norðl. af góðri ætt.)
Þeirra dóttir:
2. Guðrún Erlendsdóttir, átti Magnús Jónsson á Stóra Núpi. (stórmerkismaður). Þeirra son.
3. Erlendur Magnússon sýslum á Skriðuklaustri; kvæntur Þórdísi Henriksdóttur Gerkens; er var þýzkur. Þeirra sonur:
4. Torfi Erlendsson (hefir borið nafn Torfa í Klofa) sýslum. í Árnesss. (faðir Þormóðs) kvæntur Þórdísi Bergsveinsd. prests Einarssonar. Þeirra dóttir:
5. Guðrún Torfadóttir. gift Markúsi Bjarnasyni (sbr nr 4. hér að ofan) Þ. dóttir:
6. Þórdís Markúsdóttir (Stokkseyrar-Dísa). d. 1728. átti Guðm. West Jasonsson. Jasons var enskur. Þeirra dóttir:
1. Guðrún Guðmundsdóttir, átti Jón Sveinsson undan Jökli. Þau byggja á Stokkseyri 1729. Hann þá 26 ára Hún 27.
Þeirra dóttir:

(frh á blaði nr. 3)

3/.

2. Þórdís Jónsdóttir (f. 1729. d. 1805) átti séra Einar Jónsson á Ólafsvöllum d. 1774.
Þeirra dóttir:
3. Guðrún Einarsdóttir, átti Jón á Stokkseyri (d. 27. ág. 1825. 84 ára) Ingimundarson, Bergssonar í Brattsholti. Þeirra dóttir:
4. Ingibjörg Jónsdóttir, átti Jón í Traðarholti; Grímsson, Jóns Bergssonar í Brattsholti. (Þau þremenningar). Þeirra sonur:
5 Einar Jónsson borgari á Eyrarbakka. Hans sonur:
6. Sigfús Einarsson dómkirkjuorganleikari og tónskáld.
(Sbr. Sýslumæf. 4. b. 222-3. 300-304).

Sigfús tónskáld Einarsson var 6 maður frá Stokkseyrar Dísu, en 11 maður í annan ættlið hennar, og 12 í hinn, frá Torfa í Klofa. En Jón Pálsson fv. aðalféhirðir Landsbankans, er 14 maður frá Lofti ríka og Kristínu Oddsdóttur, en 11 maður frá Torfa í Klofa.

Með beztu kveðju til míns gamla starfsbróður Jóns Pálssonar f. v. bankaféhirðis.
A. J. Johnson.